

Ed.

110. Nefndarálit

[71. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Undanfarin sex ár hefur fjár verið aflað til að fjármagna að hluta til ríkisframkvæmdir innan ramma árlegrar framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar með útgáfu verðtryggðra spariskirteina, svo sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Hafa undirritaðir ekkert við það að athuga, að svo verði einnig gert á árinu 1972, enda verði það í hófi og verki ekki lamandi á getu viðskiptabankanna til nauðsynlegra útlána vegna atvinnuveganna og brýnustu aðstoðar við almenning.

Með þessu frv. er mörkuð ný stefna. Annars vegar er verið að afla fjár fyrir áramót vegna framkvæmdaáætlunar næsta árs, sem enn hefur ekki verið samin. Hins vegar er komið aftan að viðskiptabönkunum, þar eð fyrr á árinu var samið við þá um sérstök framlög af sparifjárukningu þeirra til framkvæmdaáætlunarinnar fyrir árið 1971 og þeim þá skýrt frá fyrirætlunum um spariskirteinaútgáfu í ár. Er með þessu frv. gert ráð fyrir, að sú upphæð spariskirteina verði þrefölduð.

Áður hefur útgáfa hæst numið rúmum 130 millj. á einu ári, en með þessu frv. er gert ráð fyrir rúml. 300 millj. kr. sölu á þessu ári. Þar sem þetta gerist á þeim tíma, þegar erfiðast er um lánsfé í lánstofnunum, og þar sem engin rök hafa verið færð fyrir þeim nýju vinnubrögðum að afla fjár fyrir áramót vegna framkvæmdaáætlunar næsta árs, leggjum við undirritaðir nefndarmenn til, að sú breyting verði gerð á frv., að sala skirteinanna hefjist ekki fyrr en eftir áramót. Fáist sú brtt. ekki samþykkt, leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 23. nóvember 1971.

Magnús Jónsson, Geir Hallgrímsson.
frsm.